

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Kristján Á. Ásgeirsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. ágúst 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð um Kristján Á. Ásgeirsson.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður um Kristján Á. Ásgeirsson“. Hann er stofnaður af ekkju Kristjáns, Sigrúnu Arnbjarnardóttur, til heimilis að Miðvangi 121, Hafnarfirði.

Heimili sjóðsins er á Taugalækningadeild Landspítalans, Reykjavík.

Varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5 000 kr. — fimm þúsund krónur.

3. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að taka á móti gjöfum, framlögum, áheitum o. s. frv.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla hjálpar- og afþreyingatækja fyrir sjúklinga og hjúkrunarfólk á Taugalækningadeild Landspítalans. Þetta skal gert á hvern þann hátt, sem sjóðstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Sjóðstjórnina skipa yfirlæknir Taugalækningadeildar Landspítalans, hjúkrunarforstjóri sömu deildar og stofnandi, eða einhver er hún kynni að tilnefna í sinn stað.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistrygðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum eða á annan tryggilegan hátt.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi reikningsskil hans og heldur sömuleiðis gjörðabók um úthlutanir. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins, sem er stofnframlag kr. 5 000 — fimm þúsund krónur — má aldrei skerða. Ráðastafa má öllum tekjum sjóðsins að öðru leyti.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef meirihluti sjóðstjórnar óskar eftir því.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eigur hans og eignir renna til Taugalækningadeildar Landspítalans.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.